

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 6/2013

2013/EES/37/24

frá 8. janúar 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS
HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 690/2009⁽²⁾, skulu framleiðsluvörur, hlutar og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við samþykktina um alþjóðaflugmál (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn), eftir því sem við á, frá 20. nóvember 2008, að því er varðar I. og II. bindi, að undanskildum viðbættum hans.
- 2) Gerðar hafa verið breytingar á 16. viðauka við Chicago-samninginn síðan reglugerð (EB) nr. 690/2009 var samþykkt og því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 216/2008 til samræmis við það.
- 3) Með breytingum á kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við Chicago-samninginn voru innleiddar kröfur um að hætta framleiðslu á NO_x og samningsríkin fengu leyfi til að mæla fyrir um umbreytingarráðstafanir varðandi beitingu þeirra.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitni Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 216/2008

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 komi eftirfarandi:

„1. Framleiðsluvörur, hlutar þeirra og búnaður skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 10. breytingu I. bindis og í 7. breytingu II. bindis í 16. viðauka við Chicago-samninginn, í útgáfunni frá 17. nóvember 2011, að undanskildum viðbættum við 16. viðauka.“

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Aðildarríkjum er heimilt, frá og með 31. desember 2016, að veita undanþágur frá kröfunni um að hætta framleiðslu í tengslum við losun útblásturs, sem ákvarðað er í d-lið málsgreinar 2.3.2 í 16. viðauka III. hluta II. bindis Chicago-samningsins, samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:
 - a) slíkar undanþágur skulu veittar í samráði við stofnunina,
 - b) aðeins má veita undanþágur þegar efnahagsleg áhrif á fyrirtækið, sem ber ábyrgð á framleiðslu undanþegnu hreyflanna, vega þyngra en hagsmunir umhverfisverndar,
 - c) ef um er að ræða nýja hreyfla, sem á að koma fyrir í nýjum loftföllum, skal ekki veita undanþágur fyrir fleiri en 75 hreyfla að því er varðar hverja gerð hreyfils,
 - d) þegar aðildarríki fjallar um beiðni um undanþágu skal aðildarríki hafa eftirfarandi í huga:
 - i. rökstuðning fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á framleiðslu undanþegnu hreyflanna, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, tæknileg málefni, skaðleg efnahagsleg áhrif, umhverfisáhrif, áhrif vegna ófyrirséðra aðstæðna og réttlætismálefni,
 - ii. fyrirhugaða notkun viðkomandi hreyfla, nánar tiltekið hvort hreyflarnir, sem á að koma fyrir í nýju loftfari, séu varahreyflar eða nýir hreyflar,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 4, 9.1.2013, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2013 frá 14 júní 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 199, 31.7.2009, bls. 6.

- iii. fjölda viðkomandi nýrra hreyfla,
 - iv. fjölda veittra undanþága fyrir þessa gerð hreyfils,
- e) þegar undanþága er veitt skal aðildarríki að lágmarki tilgreina:
- i. númer tegundarvottorðs hreyfilsins,
 - ii. hámarksfjölda hreyfla sem undanþágan gildir um,
 - iii. fyrirhugaða notkun viðkomandi hreyfla og tímamörk varðandi framleiðslu þeirra.
2. Fyrirtæki, sem bera ábyrgð á framleiðslu hreyfla sem hafa fengið undanþágu í samræmi við þessa grein, skulu:
- a) tryggja að á auðkenniplötum viðkomandi hreyfla sé tilgreint „EXEMPT NEW“ eða „EXEMPT SPARE“, eftir því sem við á,
 - b) hafa gæðastýringarferli til að viðhalda eftirliti með og stjórnun á framleiðslu viðkomandi hreyfla,
 - c) veita aðildarríkjunum, sem veittu undanþáguna og fyrirtækinu sem ber ábyrgð á hönnun, reglulega upplýsingar um undanþagna hreyfla sem hafa verið framleiddir, þ.m.t. gerð, raðnúmer, notkun hreyfilsins og tegund loftfarsins þar sem hreyflinum verður komið fyrir.
 - d) Aðildarríkin, sem veittu undanþágu, skulu, án ástæðulausrar tafar, senda öll gögn, sem um getur í d-lið 1. mgr. og c-lið 2. mgr., til stofnunarinnar. Stofnunin skal útbúa og viðhalda skrá sem inniheldur slík gögn og sjá til þess að hún sé aðgengileg öllum.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
